

Garðabær
Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 21. ágúst 2017

Efni: Álagning fasteignaskatts

Þann 15. nóvember 2016 sendi Félag atvinnurekenda (FA) Garðabæ beiðni um rökstuðning fyrir beitingu heimildar laga nr. 4/1995 til að leggja álag á fasteignaskatt fyrirtækja sem staðsett eru innan sveitarfélagsins.

Svar sveitarfélagsins barst með bréfi dags. 5. janúar 2017 en þar kom fram að við ákvörðun á skatthlutfalli fasteignaskatts á atvinnuhúsnaði færi ekki fram sérstakt kostnaðarmat eða kostnaðargreining vegna beitingar heimildar til hækkunar heldur væri horft til þess að skatttekjur væru í heild hóflega ákvarðaðar til að fjármagna A-hluta rekstrar sveitarfélagsins. Þá kom fram að það yrði að teljast eðlilegt að þeir aðilar sem fengju ráðstafað lóðum til atvinnurekstrar tækju þátt í að fjármagna að hluta lögbundin og önnur nauðsynleg verkefni sem ætlast er til að sveitarfélög annist.

Í svarbréfi sveitarfélagsins var ekki að finna efnislegan rökstuðning fyrir nauðsyn þess að beita umræddri álagsheimild. Þar var heldur ekki að finna vísun til neinna kostnaðarútreikninga, sem sýndu fram á nauðsyn þess að beita álaginu á fasteignagjöld fyrirtækja sökum kostnaðar við að veita þeim þjónustu.

Í ljósi þess að nú fer að líða að gerð fjárhagsáætlunar sveitarfélagsins fyrir næsta ár ítrekar FA áskorun stjórnar félagsins frá 8. júní 2017 en þar sagði m.a.¹:

„Stjórn Félags atvinnurekenda hvetur sveitarfélög eindregið til að endurskoða álagningarprósentu fasteignagjalda á atvinnuhúsnaði, til mótvægis við gífurlegar hækkanir á fasteignamati. Að óbreyttu fela þær hækkanir í sér að skattbyrði fyrirtækja þyngist um milljarða króna.“

Þar kom jafnframt fram að fasteignagjald er í eðli sínu afar óheppileg skattheimta á fyrirtæki enda leggst skatturinn á eigið fé þeirra óháð afkomu. Hækkanir á fasteignaverði og þar með fasteignamati hafa ekkert um afkomu flestra fyrirtækja að segja en stuðla að aukinni skattbyrði þeirra. Áskorun sama efnis var send sveitarfélögum fyrir rúmu ári eða þann 14. júní 2016.²

¹ Frétt á vef Félags atvinnurekenda 8. júní 2017: <http://www.atvinnurekendur.is/frettir/stefnir-malshofdun-vegna-fasteignagjalda/>

² Frétt á vef Félags atvinnurekenda 14. júní 2016: <http://www.atvinnurekendur.is/frettir/sveitarfelog-laekki-skatthlutfall-a-atvinnuhusnaedi/>

Samkvæmt tölum í Árbók sveitarfélaga sem finna má á vef Sambands íslenskra sveitarfélaga nam álagður fasteignaskattur á fyrirtæki í Garðabæ 463.450.000 kr. árið 2013. Árið 2016 nam álagður skattur 560.310.000 króna. Á þremur árum hækkaði fasteignaskattur fyrirtækja um 96.860.000 krónur eða 20,89%. Það gefur auga leið að slík hækkun er gríðarlega íþyngjandi fyrir fyrirtæki. Því er brýnt að sveitarfélagið bregðist við hinum miklu hækkunum á fasteignamati og afleiðingum þess á innheimtu fasteignagjalda og taki mið af þessum veruleika við vinnu sína við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2018.

Virðingarfyllst,


Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri FA


Inga Skarphéðinsdóttir lögfræðingur FA

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026